

## Fundargerð.

### Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags

Haldinn laugardag, 26. febrúar 2005, í Kórnum, fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs, Hamraborg 6 A. Fundur hefst kl. 14:00. Mættir voru 20 manns.

#### 1. Fundarsetning.

Kristín Svavarsdóttir (KS), formaður HÍN, setur fundinn. Skipar fundarstjóra, Hreggvið Norðdahl (HN) og fundarritara, Þóru Hrafnsdóttur. Samþykkt af fundarmönnum.

HN: gerir grein fyrir dagskrá fundarins og getur þess að löglega hafi verið til hans boðað.

#### 2. Skýrsla stjórnar HÍN fyrir árið 2004.

Eintök af skýrslu liggja frammi fyrir fundarmenn.

KS: Rekur einstaka liði skýrslunnar:

Fréttabréfið: Ætlunin er að senda næsta fréttabréf eingöngu út á rafrænu formi, nema sérstaklega sé beðið um annað. Stendur líka til að uppfæra heimasíðuna örur.

Fræðsluferðir: stendur til að fara ferðina í Grændal í Ölfusi á þessu ári. Vonast eftir að Helgi Torfason sjái sér fært að taka að sér leiðsögn.

Annað: Félagið ætti kannski að vera virkara í að senda frá sér ályktanir og athugasemdir varðandi hin ýmsu mál, af nógu er að taka. Hefur hingað til verið nokkuð tilviljanakennt hvað er tekið fyrir. Það skýrist m.a. af því að stjórnarmenn eru í fullu starfi annar staðar og geta ekki sinnt öllum erindum sem berast HÍN.

Engar athugasemdir voru gerðar við skýrslu stjórnar.

#### 3. Reikningar HÍN fyrir árið 2004.

Reikningar liggja frammi fyrir fundarmenn.

Kristinn Albertsson (KA) fer yfir reikningana og rekur einstaka liði. Reikningar hafa verið samþykktir af skoðunarmanni. Hagnaður var á árinu 2004.

Skuld við Náttúrufræðistofnun Íslands vegna Náttúrufræðingsins var gerð upp um síðustu áramót.

Dráttarvextir háir, sem KA skýrir með því að sumir reikningar komast ekki til skila fyrr en seint og síðir, þar sem þeir eru sendir á skrifstofu NÍ og fara í gegnum greiðsluferfi þar, og týnast jafnvel. Verið er að reyna að koma þessu í lag.

Úrbóta er þörf (punktar settir fram í fyrra, nú gert grein fyrir niðurstöðu):

- Fé félagsins dreift á nokkuð marga reikninga. Þrír reikningar hafa ekki verið hreyfðir lengi. KA leggur til að reikningum verði fækkað.
- Færa bókhald félagsins af greiðslugrunni yfir í rekstrargrunn. Árgjöld skrást sem tekjur ársins og standa svo sem útistandandi kröfur um áramót. Endurskoðandi félagsins hafnaði þessari hugmynd.
- Færa niður birgðir félagsins bæði bókhaldslega sem og raunverulega; þegar hafið ferli – tímaritið prentað í minna upplagi en áður.
- Tölvuvæða dreifingar- og sölukerfi. Auðveldara að halda utan um kröfur og viðskiptalega stöðu. Krefst tölvukostnaðar – NÍ vinur í raun.

KA rekur félagafjölda og breytingar á honum fyrir árin 2003 og 2004.

Gerir grein fyrir rekstrarreikningi Stefánssjóðs (Minningarsjóður Stefáns skólameistara Stefánssonar).

Umræður:

Árni Hjartarsson (ÁH) spyr:

- varðandi dráttarvextina, hvort ekki er leyndur liður í þeim reikningum sem NÍ greiðir fyrir félagið og tekur ekki eftir? KA: svo er ekki. Varðandi Stefánssjóð: hvert er markmið sjóðsins? Hver er framtíð hans? KA: sjóðurinn hefur enga stjórn, en stefnuskrá hlýtur að vera til. HN: felur stjórn HÍN að afla upplýsinga um sjóðinn og gera grein fyrir á næsta fundi. Ingólfur Einarsson: minnir að sjóðinn hafi átt að nota til að kosta endurútgáfu Flórunnar, endurbætta, sem aldrei varð. HN ber reikninga upp til samþykktar. Einróma samþykktir.

#### **4. Skýrsla fulltrúa HÍN í opinberum nefndum fyrir árið 2004.**

Arnór Þ. Sigfússon formaður Dýraverndarráðs gerir grein fyrir starfi ráðsins. Átta fundir voru haldnir á síðasta ári. Veittar umsagnir um ýmis dýraverndarmál. Erfitt hefur verið að fá greiddan kostnað og laun vegna funda (2 nefndarmenn búa utan höfuðborgarsvæðisins). Ákvæði varðandi úrræði í dýraverndarmálum – vantar skýrar verklagsreglur. Gætu t.d. verið hliðstæð barnaverndarlögum. Hvert á fólk að leita til að tilkynna um illa meðferð á dýrum. Starfið innan ráðsins hefur almennt verið mjög gott. Engar spurningar voru varðandi starf ráðsins.

#### **Kaffi**

#### **5. Kjör stjórnarmanna og embættismanna félgasins.**

Kjósa á þrjá stjórnarmenn. Út fara Esther Ruth Guðmundsdóttir, Helgi Torfason og Hilmar Malmquist.

Stjórnin gerir tillögu um að stjórnarmenn sitji áfram. Fundarstjóri lýsir eftir tillögum um aðra stjórnarmenn. Engar tillögur þar um. Esther, Helgi og Hilmar teljast því réttkjörnir stjórnarmenn.

Þrír skoðunarmenn eru fyrir félagið:

Tómas ..., sem biðst undan áframhaldandi setu.

Arnór Þ. Sigfússon

Kristinn Einarsson

Stjórnin gerir tillögu um að APS, KE og Hreggviður Norðdahl (sem varamaður) verði skoðunarmenn. Fundur samþykkir kjörið samhljóða.

#### **6. Tillögur til ályktunar.**

Þrjár tillögur frá stjórn HÍN eru bornar upp, þær liggja frammi fyrir fundarmenn.

HN: Tvær ályktanir hafa verið bornar upp oft áður. HN les þær upp.

1) Ályktun um Náttúruhús (náttúruminjasafn). Orðið gefið laust um tillöguna:

HM: tillagan er flutt nú í 13. skipti og er orðalagi lítilega breytt varðandi staðsetningu hússins. Í fyrri ályktunum er hússins getið í Reykjavík en í núverandi ályktun er hússins getið á höfuðborgarsvæðinu. HN ber ályktunina undir atkvæði, hún samþykkt samhljóða.

2) Ályktun um vöktun á lífríki Þingvallavatns. Orðið laust um tillöguna:

HM: tillagan svo til óbreytt. Texta um heimsminjafriðunina hefur verið bætt við að gefnu tilefni. HN ber ályktunina undir atkvæði, hún samþykkt einróma.

3) Ályktun um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs. Ný tillaga, HM les upp. Tillagan er að hluta til samhljóða yfirlýsingu og tillögu frá frjálsum félagasamtökum, þ. á m. HÍN, um Vatnajökulsþjóðgarð, sem samtökin afhenti ráðgjafanefnd um Vatnajökulsþjóðgarð í janúar 2004. Freysteinn Sigurðsson: vekur athygli á vandamáli með vatnasvið Skaftár og Langsjávar. Skaftá er hlaupvatn sem veldur usla í byggð á láglandi, mætti koma í veg fyrir það með því að veita Skaftá yfir í Langsjó, sem eyðileggur vatnið. Vernda þarf annað hvort, tæplega hægt að vernda bæði. Getur skapað vandamál ef Langsjór og allt vatnasvið Skaftár verður hluti af þjóðgarðinum, sbr. lið 2 í ályktun. HM: ekki getið í ályktuninni hvað má gera

og hvað ekki innan þjóðgarðsmarka. Stjórnin gæti bætt við textann í 2. lið til að komast hjá vandamáli og misskilningi. ÁH: leggur til að textinn standi óbreyttur því hann er mjög almennur. HM: tekur í sama streng, textinn útilokar ekkert. FS: óskar eftir að sín fyrri athugasemd verði sett í greinargerð með ályktuninni (til að valda ekki misskilningi um náttúruverndarsjónarmið félagsins). HN: ber ályktunina undir fundarmenn til samþykktar með þeim fororðum að stjórnin endurskoði og breyti texta greinargerðar í anda undanfarandi umræðu. HN ber ályktunina undir atkvæði, hún samþykkt einróma.

## 7. Önnur mál.

- Kristín Svavarsdóttir, formaður, þakkar Freysteini Sigurðssyni vel unnin störf í þágu HÍN sem formaður í 12 ár, gerir hann að heiðursfélaga og afhendir honum heiðurskjal. Freysteinn þakkar fyrir sig og brýnir stjórnina áfram til góðra verka, m.a. að fylgjast vel með viðhorfum uppvaxandi kynslóðar, sem hann telur hafa önnur viðhorf til náttúrunnar en fyrri kynslóðir, að félagið gæti nýtt sér uppsveifluna í þjóðfélaginu þar eð félagafjöldi virðist hafa sveiflast með efnahagsástandi þjóðarinnar, og að halda áfram að vinna í málum um byggingu náttúruhúss og uppbyggingu NÍ til að sinna sínu hlutverki, enda veiti ekki af.
- KS: Helga bók Hallgrímssonar. Stjórn HÍN hefur borist erindi vegna 70 ára afmælis HH og fyrirhugaða útgáfu afmælisrits í júní honum til heiðurs. Leitað hefur verið eftir félagatali HÍN til að auglýsa þetta rit. Félagið hefur ekki leyfi til að láta félagatal í hendur þriðja aðila nema með þeirra leyfi. Til stendur að leita eftir því í næsta fréttabréfi. KS leggur fram lista ef fundarmenn vilja skrifa sig á Tabula gratulatoria í bókinni.

HN lýkur störfum sem fundarstjóri.

KS þakkar fyrir og slítur fundi.